



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á opnunarhátíð norrænu sendiráðanna
í Berlín
20. október 1999**

Heiðraði forseti Þýskalands dr. Jóhannes Rau og frú Rau,
Yðar Hátign Margarethe Drottning Danmerkur og Henrik Prins,
Yðar Hátign Carl Gustav Konungur Svíþjóðar og Silvía Drottning,
Yðar Hátign Haraldur Konungur Noregs og Sonja Drottning,
Heiðraði forseti Finnlands Martti Ahtisaari og frú Eva Ahtisaari,

Heiðruðu gestir

Arfurinn sem tengir okkur saman – sagan, menningin, ljóðin, listin, örlög og atburðir – á rætur í örófi aldanna, löngu áður en menn höfðu lært þá list að festa sögur og kvæði á skinn.

Kvæðin sem varðveitt eru í Eddu, hin elstu meira en þúsund ára gömul, glæsilegasta og margbrotnasta samspil þess skáldskapar sem gerir okkur að heild, eru nægtarbrunnur visku og leiðsagnar sem enn færir okkur ferska sýn á veröldina við dögum nýrrar aldar.

Lífsmáttur þessara ljóða í þúsund ár var slíkur að á umrótartímum sem umbyltu allri hugsun í Evrópu um miðbik síðustu aldar sat ungt íslenskt skáld í Kaupmannahöfn og glímdi við að þýða hinn heillandi skáldjöfur Heinrich Heine á tungu Snorra Sturlusonar, höfundar Heimskringlu, sögu norrænna konunga, og Jónas Hallgrímsson sá að honum féll best að færa kvæðið í hin forna bragarhátt Edduljóða:

Ganga gullfætt
um götur bláar
og læðast léttfætt
ljósin uppsala;
varast smástjörnur
að vekja sofandi
foldina fögru
faðmi nætur í.

Sterne mit den goldnen Füßchen
Wandeln droben bang und sacht,
Daß sie nicht die Erde wecken,
Die da schläft im Schoß der Nacht.

Þýskaland hefur um aldir verið hlið okkar að straumum og stefnum, hugsun og menningu sem mótað hafa megininland Evrópu; virkjun sem beislað hefur orkuna í fljótum mannlífsins og fært okkur afl til að skapa ný verk.

Við höfum svo í nokkru endurgoldið áhrifin með verkum sem lengi hafa notið hollustu og aðdáunar á þýskri grundu. Sígild ævintýri H.C. Andersens birta skarpa lífssýn og glettna og eru fjársjóður uppeldis og lífsreynslu. Leikrit Ibsens eru sá spegill sem enn sýnir okkur nútímann án fegrunar og vægðar. Kvikmyndir Bergmans gera dulúðina og hið innra sjálf að leiðarvísi um kjarna lífsins á umbrotatímum tæknialdar. Tónlist Síbelíusar gefur tign náttúrunnar og örlögum mannsins nýtt litróf og ferskleika í ætt við strauma skógarfljótsins. Skáldsögur Laxness um ástir og örlög, vald og miskunn, mannúð og óendanlega glettni tilverunnar í sorg og gleði, jafnt í fátæku heiðarbylí sem og í háborg menningar og tignar.

Berlín. Berlín var vissulega draumaborg þeirra allra eins og hún er nú, táknborg helguð vonum um nýja tíð í Evrópu allri, um öld friðar og lýðræðis, framfara, velferðar og réttlætis, öld mannréttinda og frelsis, öld hinnar þrotlausu nýsköpunar.

Á slíkum vegamótum koma Norðurlönd saman til Berlínar, samfylgd svananna fimm sem er tákn þess árangurs sem samvinna okkar hefur skilað og staðfesting á þeirri ætlun að eiga í náinni samvinnu við Þýskaland ríkulega hlutdeild í mótun Evrópu á nýrri öld.

Saman mynda Norðurlönd áhrifakeðju á vettvangi nýrrar Evrópu. Hin nána samvinna okkar, öguð og slípuð af áratuga reynslu, og sérstaða hvers og eins skapa fjölbreytta fléttu tækifæra og samspils.

Það er táknrænt fyrir þessa stöðu Norðurlanda að þegar við vígjum hinn sameiginlega vettvang okkar í höfuðborg Þýskalands eru þrjú norrænu ríkjanna í forsæti í höfuðsamtökum álfunnar, Evrópusambandinu, Evrópuráðinu og ÖSE.

Hin nýju sendiráð Norðurlandanna í Berlín eru því ekki aðeins minnisvarðar um aldalanga samleið þjóða okkar og Þýskalands heldur umfram allt sóknarstöðvar sem sýna vilja okkar til farsællar þátttöku í mótun nýrrar Evrópu, nýrrar heimsmyndar.

Hinar fögru og stúlhreinar byggingar, sendiráð hvers ríkis og hinn sameiginlegi norræni vettvangur, verða ekki aðeins heimkynni öflugrar starfsemi, embættissveita, viðskiptamanna, áhrifafólks í menningu, vísindum og listum, iðandi verkstöð þess nútíma sem einkennir Norðurlönd og við viljum miðla Þýskalandi.

Það er einstök gæfa og gleði að norrænar þjóðir og Þýskaland geti heilsað nýrri öld á þennan hátt, að hreinleiki stíls og listar sem hér sést í hverjum vegg verði boðberi nýrra tíma í orlagasögu álfunnar sem okkur er svo kær.

Saman geta Norðurlönd og Þýskaland ráðið miklu um að Evrópa verði loksins, loksins vettvangur órofa friðar og farsældar, lýðræðis og mannréttinda.

Þeim hugsjónum eru þessar byggingar helgaðar. Þeim málstað viljum við vinna allt sem við megum.

Með samveru okkar hér í dag viljum við þjóðhöfðingjar Norðurlanda innsigla þetta ætlunarverk þjóða okkar.

Megi heill og gæfa fylgja öllum verkum sem hér verða unnin. Hafi þýska þjóðin, borgarstjórnin, ríkisstjórnin og forsetinn alúðarþakkir fyrir góða samvinnu og vinarhug við að gera okkur kleift að færa komu norrænna ríkja til Berlínar í svo glæsilegan búning.

Einlæggar þakkir færi ég yður öllum og býð ég yður hjartanlega velkomin í sendiráð Norðurlanda.